

Aðalfundur 2012

Aðalfundur Æskulýðssambands Þjóðkirkjunnar föstudaginn 10. febrúar 2012 kl. 18 í Neskirkju við Hagatorg

1. Fundarsetning
2. Kosning fundarstjóra og fundarritara
3. Skýrsla framkvæmdastjóra og stjórnar

Margrét Ólöf fer yfir skýrslu framkvæmdarstjóra. Aðildarfélag ÆSKP njóta þess að geta sótt um styrk í gegnum sambandið vegna verkefna sem þau hafa áhuga á að koma af stað. Á síðasta ári má t.d. nefna verkefnið Brúarási og LÆK – leiklistarfélag kirkjunnar sem fengu styrk. Framkvæmdastjóri nefnir hversu mikilvægt er að starfsfólk kirkjunnar sækji námskeiðið “blátt áfram” en aðsókn að því námskeiði hefði mátt vera betri á síðasta ári.

Margrét Ólöf fer einnig yfir starfsskýrslu ÆSKP. Verkefni sambandsins, námskeið, mót, þing og fleira sem hefur verið á herðum sambandsins, hafa gengið afar vel. Stjórnarmenn hafa verið duglegir að taka að sér hlutverk í þeim verkefnum sem ÆSKP kemur að.

Fyrir hönd ÆSKP þakkar Sigurvin Margréti Ólöfu fyrir formannstíð. Margrét hefur haft trúna sem hefur knúið stjórnina áfram í sinni sjálfböðavinnu. Mikil breyting og töluverð stækkun hefur átt sér stað hjá sambandinu.

Magnea tekur undir orð Sigurvins og minnst á hversu stórhuga Margrét hefur verið alla tíð.

Á landsmóttinu í haust var sama verð fyrir alla. Að auki var það býsna hátt verð í þetta sinn. Sóknargjöld hafa dregist saman og styrkir til barnanna þar að leiðandi rýrnað. Við verðum að halda verðinu í hófi þar sem jafnvel færri fara en vildu vegna kostnaðar. Jafnframt vill Magnús minnst á hversu mikilvægt það er að siguratriði atriðakeppninnar sé af virðingu við þá sem hlut eiga að máli gert kleift að sýna atriði sitt aftur eftir tilkynningu úrslita.

Sigurvin útskýrir hvers vegna miðaverð landsmóts var þetta hátt í ár. Ákveðnir liðir landsmóts höfðu áhrif á kostnaðarverðið, þ.á.m. hár kostnaður vegna borða og

stóla sem flytja þurfti á staðinn frá Reykjavík. Á næsta ári mun miðaverð ekki vera það sama fyrir aðildarfélög og þá sem ekki voru aðilar að sambandinu. Ástæðan fyrir því að landsmótsverðið var það sama í ár var til þess að standa undir kostnaði vegna sjálfs mótsins.

Rakel Brynjólfsdóttir fer yfir landsmótsskýrsluna. Nýjungar ársins voru skráningarkerfið sem var í þetta sinn rafrænt og nýtt fyrirkomulag á vaktaplaninu. Rakel ítrekar að tónlistaratriði og tæknimál voru ekki þeir liðir sem voru kostnaðarmiklir vegna mótsins. Leiðtogaherbergið, í umsjón Margrétar Ólafar, vakti mikla lukku í ár ásamt hvíslherberginu sem Pétur Björgvin sá um ásamt góðum fylgihópi. Atriðakeppnin var heldur löng á síðasta móti, framkvæmdin er nú í endurskoðun.

Sigurvin minnir á að sú hefð er nú að myndast að landsmótin séu þematengd. Á Akureyri var þemað Indland og á Selfossi beindum við sjónum okkar að Japan og þeim náttúruhörmungum sem áttu sér stað þar. Landsmót 2012 mun einnig vera þematengt – en það verður auglýst síðar.

Magnea hrósar landsmótsnefndinni fyrir vel unnin störf. Hún fagnar nýrri kynslóð leiðtoga sem er hægt og rólega að taka við af þeirri “eldri”. Skráningarkerfið leysti mörg áður þekkt flækjustig og þakkar hún sérstaklega fyrir það.

Magnús þakkar fyrir yfirferð á landsmótsskýrslu. Er hægt að halda eitt landsmót eða er forsenda fyrir því að landshlutaskipta landsmótinu? Stórt landsmót heillar unglíngana óneitanlega meira en þau minni.

Kristján bendir á að ÆSKP þarf að berjast fyrir öllu sem það gerir. ...er í raun kraftaverk hvernig málin hafa gengið eins vel og þau hafa gert undanfarin ár. Á hverju ári er landsmót haldið á nýjum stað sem þýðir að landsmótsnefnd byrjar hvert ár með ekkert í höndunum. Samt sem áður nær nefndin að mynda stórt og glæsilegt mót. Kristján þakkar landsmótsstjóra fyrir flottasta mót sem haldið hefur verið.

Neyðarplan á landsmóti? Hvað er eitthvað kemur upp á mótinu? Eru börn og leiðtogar á landsmóti tryggð á mótinu? Sakavottorð? Sigurvin og Margrét Ólöf svara. Við erum tryggð og tryggingarnar hafa verið í gildi síðan landsmótið var lítið. Á hverju ári er tala fjöldans gefin upp. Tryggingamálin eru í endurskoðun.

Stórslysaáætlun fór í gang í tengslum við mótið í Vestmannaeyjum vegna Svínaflensunna. Stórslysaáætlun er ekki fyrir hendi eins og er en hún mun vera á dagskrá framkvæmdarstjóra á þessu starfsári. Einnig munum við fara fram á það við kirkjurnar að starfsfólk á þeirra vegum hafi farið í gegnum skimun varðandi sakaskrá og slíkt.

Guðmundur Karl tekur undir hversu mikilvægt er að hrinda gerð stórslysaáætlunar í gang. Mjög þörf ábending sem landsmótsnefnd þarf að ræða við stjórn hvers sveitarfélags sem landsmót er haldið á.

Sigurvin bendir á að landsmótsnefnd er ætíð í góðu sambandi við starfsmenn bæjarfélagsins og hefur lögregla og sjúkrahús ávallt verið látin vita af landsmótinu með fyrirvara.

4. Ársreikningar, umræða og afgreiðsla

Sigurvin fer yfir rekstrarreikning ársins 2011. Hækkun launatengdra gjalda hækkar vegna þess að á árinu var skipt um framkvæmdarstjóra og voru einn mánuðinn tveir framkvæmdarstjórar á launum. Eitthvað af skyldum gjaldkera fór yfir í þjónustu bókara sem starfar á skrifstofu Neskirkju.

Fjárhagsáætlun 2012: Styrkur lækkar um hálf milljón milli ára. Skýringar á lækkun styrks var sú að það væri niðurskurður?

GKE: Útistandandi kröfur á kirkjur. Var sá kostnaður bókaður sem útistandandi kostnaður? Guðmundur Karl ítrekar mikilvægi þess að kirkjur greiði kröfur.

Sigurvin spyr hvort ársreikningar ÆSKP eigi heima á heimasíðu ÆSKP?

Ársreikningar lagðir fram til samþykktar. Samþykktir.

Fjárhagsáætlun lögð fram til samþykktar. Samþykkt.

5. Starfsáætlun og rekstraráætlun

Margrét Ólöf ræðir starfsáætlun næsta árs. Nú ætlar sambandið að halda dampi og keyra áfram þau verkefni sem það hefur haft á herðum sér undanfarin ár.

Guðmundur Karl hefur áhyggjur af þróuninni. Tap sambandsins eykst með hverju ári. Með sama áframhaldi verður sambandið gjaldþrota en Guðmundur Karl vill ganga í málið og finna á því farsæla lausn.

Samþykkt endurskoðuð fjárhagsáætlun sem gerir ráð fyrir lækkun á launum og launatengdum gjöldum. Og að Landsmót ÆSKP komi út á sléttu.

6. Kosning stjórnar: formaður, ritari, gjaldkeri og tveir meðstjórnendur

- 1 Guðrún Karlsdóttir í framboði til formanns til eins árs.
- 2 Guðmundur Karl í framboði til gjaldkera til tveggja ára.
- 3 Sigurvin í framboði til ritara til tveggja ára.
- 4 Sunna Dóra, Þórunn og Kristján eru í framboði til meðstjórnanda. Sunna Dóra sendi framboð sitt með tölvupósti til framkvæmdarstjóra sambandsins. Kosið er til tveggja ára.

Úrslit kosninga:

Formaður: Guðrún Karlsdóttir

Gjaldkeri: Guðmundur Karl Einarsson

Ritari: Sigurvin Jónsson

Meðstjórnandi: Þórunn Harðardóttir

Meðstjórnandi: Kristján Ágúst

7. Kosning fimm manna varastjórnar

- 1 Einar Örn Björgvinsson sendi framboð sitt með tölvupósti til framkvæmdarstjóra sambandsins. Sunna Dóra Möller gefur símleiðis kost á sér í varastjórn. Guðrún Helga Magnúsdóttir, Arna Grétarsdóttir og Rakel Brynjólfssdóttir gefa kost á sér sem varamenn. Varastjórn er kosin til eins árs.

Úrslit kosninga:

1. Sunna Dóra Möller, 2. Einar Örn Björgvinsson, 3. Guðrún Helga Magnúsdóttir, 4. Raket Brynjólfsson, 5. Arna Grétarsdóttir.

8. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga

Pétur Þorsteinsson og sr. Magnús hljóta kosningu.

9. Kosning í aðrar nefndir og ráð? Friðar og mannréttindanefnd?

Landsmótsnefnd tvískipt í ár, landsmótsnefnd og landsmótsráð. Í ár verður þéttur kjarni og síðan þeir sem koma að ákveðnum málum þegar líður að móti. Á fundinum er hægt að skrá sig í landsmótsráð.

10. Önnur mál

Erlendur frá menntamálaráðuneytinu óskar nýrri stjórn til hamingju með kjörið og þakkar þeirri fráfarandi fyrir vel unnin störf.

Erlendur óskar stjórninni til hamingju með landsmótið á Selfossi. Hann kom í heimsókn á laugardeginum og sá að allir voru mjög ánægðir á mótinu. Hann óskar stjórninni farsældar á komandi landsmóti á Fljótsdalshéraði og bendir okkur á að setja okkur í samband við ungmennaráðið á staðnum. Í 10 grein æskulýðslaga eiga að leita eftir því að farið sé í sakaskrá viðkomandi einstaklinga þegar sótt er um störf.

Samstarfsvettvangur æskulýðstarfa þar sem unnið er að því að koma sér upp aðgerðaáætlun og siðanefnd (í þeirri nefnd eru aðilar sem eru ekki nátengdir þeim sem málið snýst um).

Verndum þau verkefni: Erlendur hvetur okkur til að vinna að því áfram að sækja um styrk til að halda þau námskeið. Námskeiðið er án kostnaðar. Nú á að fara að þýða Compasito – mörg æskulýðsfélög sem vinna að þessu námskeiði. Compasito er fyrir yngri aldurshópa en Kompás-bókin sem ætluð er eldri einstaklingum. Evrópa unga fólksins gengur vel og Erlendur hvetur ÆSKP til að leita í þau verkefni. Félagin og æskulýðssjóður: Mikilvægt að það sé starfandi æskulýðsfélög í þeim kirkjum sem sækja um æskulýðssjóðinn. ÆSKP og hvert æskulýðsfélag í kirkju getur sótt um styrk í sjóðinn. Sjóðurinn stendur í 7 milljónum núna. Erlendur ræðir um rannsóknina Ung fólk sem lagt var fyrir 8., 9. og 10. bekk í grunnskólum

landsins í síðustu/þessari viku. Erlendur hvetur ÆSKP til að vinna í aðgerðaáætlun sinni og fullgera hana sem fyrst.

Kristján: Leggur til að stjórnin endurskoði lög félagsins eins og þau snúa að landsmóti og landsmótsstjóra. Hver er t.d. starfsrammi landsmótsstjóra og skipurit gagnvart stjórn og framkvæmdarstjóra. Tillaga að fyrir næsta aðalfund liggi fyrir endurskoðun laga með tilliti til landsmótsins.

Sigurvin fer yfir stöðuna í æskulýðsmálum á höfuðborgarsvæðinu

Sigurvin: 2006: 10 kirkjur með fagmenntaðan aðila í fullu starfi við söfnuðinn. 2012: 1 kirkja með fagmenntaðan aðila í fullu starfi við söfnuðinn. ÆSKP reyðir sig á starfsfólk kirknanna. Kirkjan er rík af ungu fólki á aldrinum 18-25 ára. Þessi aldur þarf á baklandi að halda og þetta bakland er eins og sést á niðurskurðinum hér að ofan, að hverfa. Hlutverk ÆSKP er að reyna að sporna gegn þessari þróun.

Magnea: Magnea vill hvetja stjórnina til að taka málinu alvarlega. Mikilvægt að æskulýðssambandið nýti sér niðurstöður frá Rannsókn og greiningu. Er ÆSKP með sæti í æskulýðsráði, þar sem aðallega sitja héraðsprestar og nú fólk úr æskulýðssamtökum. ÆSKP á tvo fulltrúa í æskulýðsráði, báðir fulltrúarnir eru í stjórn ÆSKP, og bíða þeir eftir að vera boðnir á fund. Sigurvin Jónsson og Sunna Dóra Möller sitja.

Elín Elísabet: Fundur æskulýðsnefndar er áætlaður í maí nk.

Þórunn: Kynnir easter course á vegum EF.

Fundarslit.